

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar					
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Aðrar útiplöntur:					
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Inniplöntur:					
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Annað:					
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.04.98	2.500	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1. metri á hæð)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.98	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskomar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04.98	5.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0603.1009	Blóm af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0603.1009	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.98	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. úttefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 1998 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 1997.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.